


Samtök um Danshús

Ársskýrsla 2017



D DANCE
ATELIER

danceatelier@danceatelier.is, +354 6118244
kt: 560710-0700, www.danceatelier.is

Grunngildi og markmið

Hreiður

við erum griðarstaður fyrir hæfileika og forvitni sem að stuðlar að uppbyggingu, miðlar þekkingu, nærir listamanninn og félagsanda.

Brú

við tengjum einstaklinga og hópa við samfélagið og heiminn. Brúin á milli micro og macro.

Rödd

með rödd okkar höfum við áhrif, miðlum þekkingu og sköpum samtal.

Hringiða

við erum rými fyrir kreatíft kaos.

Markmið Samtaka um Danshús er að koma á laggirnar fullbúnu danshúsi í Reykjavík, sem yrði öruggt heimili danslistarinnar á Íslandi. Dansverkstæðið er fyrsti áfangi í átt að því markmiði og ómetanlegur hlekkur í að þróa hugmyndafræði og byggja upp innviði þeirrar starfsemi sem fara mun fram í Danshúsi framtíðinnar.

Stjórn Samtaka um Danshús

Í ársbyrjun 2017 var stjórn svo skipuð:

formaður: Ólöf Ingólfssdóttir

Steinunn Ketilsdóttir gjaldkeri

Sveinbjörg Þórhallsdóttir,

Saga Sigurðardóttir

Ásgerður G. Gunnarsdóttir

Varamenn: Hrafnhildur Einarsdóttir og Snædís Lilja Ingadóttir

Frá aðalfundi í apríl 2017 var stjórn svo skipuð:

Formaður Steinunn Ketilsdóttir,

Ásgerður G. Gunnarsdóttir gjaldkeri

Saga Sigurðardóttir ritari

Sveinbjörg Þórhallsdóttir meðstjórnandi

Hrafnhildur Einarsdóttir meðstjórnandi

Varamenn: Ásgeir Helgi Magnússon, Snædís Lilja Ingadóttir og Valgerður Rúnarsdóttir.

Myndir á forsiðu: 1. Auglýsingamynd fyrir verkið Kæra manneskja eftir Valgerði Rúnarsdóttur. 2. Sómi Þjóðar sýnir á Seríu 3. Mynd af því sem að verður stóri salurinn á Hjarðarhaga. 4. Áhorfendur á Seríu.

Efnisyfirlit

- 1. Starfsemin á Skúlagötu**
 - a. Sköpun og æfingar**
 - b. Þjálfun og námskeið**
 - c. Ýmsir viðburðir**
 - d. Aðrir leigutakar**
- 2. Reykjavík Dance Festival**
- 3. Innlent samstarf**
- 4. Alþjóðlegt samstarf**
 - a. Relay**
 - b. Nordic Circle of Artistic Management**
 - c. Keðja og Sharing Perspectives**
 - d. Annað alþjóðlegt samstarf**
- 5. Starfsmannamál**
- 6. Fjármál**
- 7. Framtíðarsýn**
- 8. Listi yfir kennara, gestalistamenn og viðburði 2017**

1. Starfsemi Dansverkstæðisins á Skúlagötu

Helsta verkefni Samtaka um Danshús hefur frá stofnun verið að vinna að stofnun Danshúss í Reykjavík og rekstur Dansverkstæðisins.

Árið 2017 breyttist starfsemin svo algerlega er okkur var tilkynnt að við myndum missa húsnæðið á Skúlagötu frá 1. ágúst. Mikill tími fór í að finna starfseminni nýtt húsnæði og fjármagna til rekstur þar. En fram að flutningum fór fram hefðbundin starfsemi sem að farið verður yfir hér í þessum kafla.

Sköpun og æfingar

Fjölmarginir listamenn nýttu sér aðstöðu Dansverkstæðisins til að vinna að verkum sínum á ýmsum vinnslustigum. Nokkur verk voru unnin hér frá grunni og fram að sýningu. Í öðrum tilfellum nýttu listamenn aðstöðuna til að rannsaka og prófa sig áfram með hugmyndir á frumstigi eða æfa upp eldri verk sem eru að fara aftur í sýningu. Meðal danslistamanna hér voru Melkorka S. Magnúsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Soffía Níelsdóttir og af hópum má nefna Sóma Þjóðar og Dance For Me.

Dansverkstæðið styrkir nokkra listamenn sérstaklega á ári hverju. Um er að ræða spennandi listamenn, oft unga og upprennandi, með lítið fjármagn til verkefna sinna en einnig eru þetta reynslumeiri listamenn sem að eru hér að þróa nýjar hugmyndir og rannsaka. Dansverkstæðið veitir þeim aðstöðu endurgjaldslaust samkvæmt samkomulagi oftast í um vikutíma. Í ár styrkti Dansverkstæðið: Ásrúnu Magnúsdóttur, Alexander Roberts, Unu Björgu Bjarnadóttur, Guðrúnu Selmu og Gígju Jónsdóttur og Elena Ilina. Steinunn Ketilsdóttir hefur verið í lengri listamannavinnustofum á Dansverkstæðinu í samvinnu við Reykjavík Dance Festival. Erlendir samstarfsmenn hennar komu hingað líka til funda og hún hélt opnar æfingar. Steinunn braut blað í íslenskri danssögu á síðasta ári með að fá stöðu rannsakanda við Listaháskóla Íslands, fyrst danslistamanna hérlendis.

Einnig koma hingað erlendir listamenn í vinnustofudvöl og fjöldi þeirra sem að óska eftir henni er töluverður. Þessir listamenn fá sama tilboð og þeir sem búsettir eru hér en við óskum eftir að þeir haldi opna æfingu eða aðra samkomu þar sem að hægt er að tengja gestina við samfélagið hér. Alina Belyagina (RU/DE) kom með hópi samstarfsmanna í mars. Laura Cruz and Alejandro Rodríguez (MX) kenndu morguntíma en þau voru í vinnustofudvöl á NES á Skagaströnd. Belgíski hópurinn Cie Tumbleweed kom svo í maí en þau dvöldu í mánuð á Íslandi við vinnu. Fyrst á Dansverkstæðinu, færðu sig svo yfir í Frystiklefann á Rifi og enduðu ferðina í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Vonumst við til að geta þróað þetta “módel” áfram og tengt listamenn við bæjarfélög um land allt og stuðlað þannig að útbreiðslu dansins víðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Þjálfun og námskeið

Boðið var upp á tvo þjálfunartíma á viku frá janúar og fram í maí eða 35 tíma í allt. Aðsókn var nokkuð góð og hélst jafnari yfir önnina en áður. Meðal þess sem að boðið var upp á var; samtímadans, ballett, pilates og jóga. Fyrirspurnum um möguleika á kennslu frá erlendum danslistamönnum eykst ára á milli. Við höfum ekki fjárhagslegt svigrúm til að standa undir ferðakostnaði en við höfum ráðið til okkar áhugaverða kennara sem að eiga leið til landsins. Meðal kennara í morguntímum Dansverkstæðisins 2017 eru: Cameron Corbett, Una Björg Bjarnadóttir, Dána Rut Kristinsdóttir, Emma Rozgoni og Ben McEwen. Tæmandi lista er að finna aftast í þessari skýrslu.

Þórey Ploder Vigfúsdóttir, í samstarfi við Dansverkstæðið, bauð svo upp á ókeypis námskeið í Complete Vocal raddbeitingartækni í maí og heppnaðist það afar vel.

Ýmsir viðburðir

Sería- kóreógrafísk tilraunakvöld hófu göngu sína í febrúar en þessi viðburður er hugarsmíð Ragnheiðar Sigurðardóttur Bjarnason mynd- og danslistakonu. Þar bauðst listamönnum að sýna verk í vinnslu, brot úr verki eða kannski hugmynd að verki fyrir áhorfendum. Sería var mánaðarlegur viðburður hér í 4 skipti fram á vor og yfir 150 manns sóttu þessa viðburði. Skemmtilegar umræður sköpuðust í lok hvers kvölds og greinilegt að það var tímabært og gjöfult að koma upp óformlegu stefnumóti listamanns og áhorfanda. Áfram var haldið með Seríu tvisvar sinnum eftir að lokað var á Skúlagötu en erfitt var að finna annað hentugt ókeypis húsnæði svo Sería fór í dvala frá hausti. Hlökkum við til að taka upp þetta fallega og skapandi stefnumót á Hjarðarhaganum.

Kóreógrafískur Happy hour hélt áfram göngu sinni en þar hittast kollegar í danslistinni til spjalls um ákveðna viðburði eða listamenn, til að hitta erlenda kollega og til að tengjast samfélaginu í borginni. Haldinn var huggulegur lokaviðburður í sól og blíðu í júníbyrjun.

FÍLD - fagfélag danslistamanna hélt upp á 70 ára afmælið sitt á Dansverkstæðinu í apríl og var gaman að geta verið gestgjafi þessa elsta félags danslistamanna á Íslandi og heiðra félagið, skála fyrir nýjum heiðursfélögum og fagna danslistinni á Íslandi í 70 ár.

Leigutakar

Listdansskóli Íslands hefur verið fastur leigutaki hjá okkur frá byrjun og síðasta vor voru hér elstu nemendur skólans í tímum í spuna og kóreógrafíu.

Salirnir voru svo leigðir út til fjölda hópa til lengri og styttri námskeiða. Hér var hægt að dansa Kizomba, stepp, tangó, lindy hop og í myrkri. Hér voru reglulegir tímar í yoga, Feldenkrais, hugleiðslu, sviðsbardaga og leikhússpuna. Má því með sanni segja að á Dansverkstæðinu hafi verið boðið upp á dans og hreyfingu í sinni fjölbreyttustu mynd.

2. Reykjavík Dance Festival

Starfsemi Reykjavík Dance Festival hefur verið með miklum blóma auk þess sem hún er í stöðugri þróun. Hátíðin hefur verið með vinnu- og fundaraðstöðu á Dansverkstæðinu og ávallt hafa einhverjir viðburðir hátíðarinnar verið haldnir hjá okkur. Því miður gekk ekki eftir að halda húsnæði okkar út ágúst eins og vonast var til og því gat Dansverkstæðið ekki stutt við síðustu ágúst útgáfu hátíðarinnar. Sambýli Dansverkstæðisins og RDF verið ávallt verið gjöfult á báða bóga með góðu upplýsingaflæði og formlegu sem óformlegu samstarfi. Áætlað er að þetta sambýli haldi áfram í nýju húsnæði og sjáum við nú loks fram á að geta boðið þeim upp á almennilega fundar og skrifstofuaðstöðu sem hæfir þessari flottu hátíð.

3. Innlent samstarf

Samstarf við Listaháskóla Íslands hefur frá upphafi verið með miklum ágætum. Þannig hafa erlendir gestakennarar sem koma að kenna við Listaháskólanum einnig kennt í Dansverkstæðinu og hafa nemendur skólans nýtt sér morguntíma og aðstöðuna í skólafríum. Einnig hefur Listaháskólinn nýtt Dansverkstæðið fyrir námskeið og æfingar nemenda þar sem húsnæði skólans sjálfs er ansi takmarkað. Dansverkstæðið hefur einnig verið í ágætis samstarfi við Íslenska Dansflokkinn og hafa báðir aðilar nýtt sér rými og þekkingu hvors annars. Að auki vinna Íd, RDF og SuDH saman að því að finna þrýsta á stofnun Danshúss, húsi sem að myndi rýma allar þessar einingar. Félag íslenskra listdansara hefur verið með skrifstofu og fundaraðstöðu á Dansverkstæðinu.

Dansverkstæðið hefur í samstarfi við Önnu Heru Björnsdóttur og Reykjavíkurborg haldið árlegan viðburð á Barnamenningarhátíð. Þar hefur Anna Hera leitt stórskemmtilegt fjölskyldunámskeið þar sem börn og forráðamenn þeirra dansa samna.

4. Alþjóðlegt samstarf

Dansverkstæðið er virkt í erlendu samstarfi og sendir fulltrúa á fundi og ráðstefnur og tekur þátt í fjölmörgum tengslanetum. Þessi net auka sýnileika íslenskra listamanna erlendis, gefa færi á vinnustofum, námskeiðum og þjálfunum og geta leitt til þess að sýningar listamanna búsettra hérlendis fari á svið víða um heim. Ólöf Ingólfssdóttir er fulltrúi Samtaka um Danshús í flestum þessara tengslaneta og tekur þátt í skipulagningu þeirra bæði erlendis sem hérlendis. Steinunn Ketilsdóttir hefur verið fulltrúi okkar í Aerowaves netinu og Tinna Grétarsdóttir hefur fylgt Ólöfu á nokkra fundi til að kynna sér verkefni. Hér á eftir fer nánari lýsing á helstu samstarfsverkefnum okkar.

Relay

Nordic Relay er samstarfsverkefni milli Dansverkstæðisins í Reykjavík, Dansearena Nord í Hammerfest í Noregi, Night Swimming Theatre í Kanada og Laboratoriet í Árósum. Barbara Simonsen frá Laboratoriet leiðir verkefnið. Verkefnið miðar að því að tengja saman sviðslistamenn og aðra sem starfa innan sviðslistaframleiðslu í rannsóknartengdum vinnustofum. Markmiðið er að skapa sterk tengsl milli þessara borga og efla samvinnu listamanna og fræðimanna í dansi sem og öðrum greinum.

Í mars var boðað til fundar og vinnustofu í Árósum og fóru Ólöf og Tinna frá Dansverkstæðinu og hittu þar fulltrúa frá Danmörku og Noregi. Haldnar voru tvær ólíkar vinnustofur og unnið var með opnum hug að í þeim tilgangi að þróa form verkefnisins áfram. Önnur vinnustofan leiddi saman danshöfunda og leikstjóra sem unnu samhliða með fjórum flytjendum og var markmiðið að kanna vinnuaðferðir hvors annars. Hin vinnustofan kannaði hvernig nýta má vinnuaðferðir danshöfundar í rannsóknum akademískra fræðimanna. Þar leiddi danski listamaðurinn Nönne Svalholm hóp eldri borgara í dans og spunavinnu og henni fylgdu fræðimennirnir Suresh Rattan (IND/DK), sameindalíffræðingur með öldrun sem sérsvið frá Háskólanum í Árósum og Tine Fristrup, sérfræðingur í öldrun við félagsvísindasvið Háskólans í Árósum.

Þetta samstarf hefur verið afar gjöfult og áhugavert fyrir bæði listamenn, fræðimenn og skipuleggjendur og nú hefur fengist fjármagn úr norrænum sjóðum til að halda verkefninu áfram 2018. Þá er stefnt á tvær vinnustofur, eina í Kanada og eina í Hammerfest í Noregi.

Lesið má meira um Relay hér: <https://www.teaterseachange.dk/performing-arts-relay>

Nordic Circle of Artistic Management

Nordic Circle of Artistic Management er samstarf um uppbyggingu á starfi framleiðandans og hins sjálfstætt starfandi listamanns. Aðilar að þessu neti auk okkar eru: SITE (S) sem leiða verkefnið, Dansehallerne (DK), Performing Arts Hub (NO) og Arts Management Helsinki (FI). Í Nordic Circle eru þöruð saman listamaður/framleiðandi og mentor sem að vinna saman í eitt ár. Verkefnið verður endurtekið tvisvar sinnum á þremur árum 2016-2018. Katrín Gunnarsdóttir var valin sem fulltrúi í fyrsta hring verkefnisins. Auglýst var eftir nýjum þátttakendum á vordögum 2017 og var Steinunn Ketilsdóttir valin af valnefnd og tekur þátt í verkefninu fram á haust.

Meira um verkefnið má sjá hér: <http://sitesweden.se/projekt-2/nordic-circle/>

Keðja og Sharing Perspectives

Norræna og baltneska dansnetið Keðja hefur verið starfrækt í um 10 ár og er í stöðugri þróun. Árið 2017 kom í ljós að ekki hefði tekist að fá fjármagn fyrir heildarverkefninu og er endurskoðun á því á gangi nú. Undirverkefni Keðju hafa þó haldið áfram að þróast og Dansverkstæðið leiddi eitt þeirra, Sharing Perspectives, í

samstarfi við SITE (SE), Zodiak (FI) og Estonian Dance Agency (EE). Með styrk frá Norrænu Menningargáttinni var hægt að halda fund hér í Reykjavík í október. Við fengum aðstöðu í Dansgarðinum og hér voru Anne-Sofie Ericsson frá SITE og Tove Sahlin danshöfundur frá Svíþjóð. Katja Kirsi frá Zodiak og Sonya Lindfors danshöfundur frá Finnlandi. Frá Eistlandi komu svo Laura Kvelstein frá Estonian Dance Agency og danshöfundurinn Julia Koneva. Fulltrúar Dansverkstæðisins voru svo Ólöf Ingólfssdóttir og Tinna Grétarsdóttir og Ásrún Magnúsdóttir danshöfundur. Skemmtilegar samræður sköpuðust þátttakenda á milli en ljóst var að enduhugsa þurfti verkefnið sjálft áður en fram væri haldið.

Annað alþjóðlegt samstarf

Önnur net sem að við erum í er Studio Trade - samstarfi um vinnustofuskipti við evrópska dansflokka, eigum sæti í neti evrópskra danshúsa og tókum þátt í að senda fulltrúa Íslands, Steinunni Ketilsdóttur, á Aerowaves netið.

Gaman er að nefna að Ásgeir Helgi Magnússon og Inga Maren Rúnarsdóttir voru valin til að sýna á Studio Trade platform á danshátíðinni í Cannes Frakklandi í desember og mynduðu þau þar skemmtileg tengsl við kollega í Evrópu.

5. Starfsmannamál

Tinna Grétarsdóttir hélt áfram sem verkefnastjóri með umsjón á daglegum rekstri í 50% stöðu. Þegar ljóst var að flutningar væru framundan var Ólöf Ingólfssdóttir ráðin í 20% stöðu til að sinna húsnæðismálunum en einnig hélt hún áfram að sinna alþjóðlegum verkefnum eins og hún hafði gert sem stjórnarformaður. Steinunn Ketilsdóttir núverandi stjórnarformaður hefur einnig verið mjög virk í húsnæðismálunum auk þess sem að hún er fulltrúi okkar í Aerowaves netinu.

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir vann svo skýrslu um Danshús á Íslandi fyrir Íslenska Dansflokkinn, Reykjavík Dance Festival og Samtök um Danshús. Hún fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til þess verkefnis og erum við afar ánægð með niðurstöðu þeirrar vinnu. Nálgast má skýrsluna [hér](#).

Tveir starfsmenn í hlutastarfi hefur reynst okkur vel síðasta árið. Það gerir starfsemina dýnamískari og auka möguleika á að þróa ný verkefni danshöfundum til heilla.

6. Fjármál

Samtök um Danhsús eru með samstarfssamninga við Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneytið upp á 2.000.000 króna árlega frá hvorum aðila fyrir sig. Samningurinn við Reykjavíkurborg gildir til 2020 en við ráðuneytið út árið 2018. Félagsgjöld 2017 voru rúmlega 600.000 kr og einnig fékk Dansverkstæðið um

1.400.000 króna í norrænan styrk vegna Sharing Perspectives fundarins í október. Aðrar tekjur koma frá leigu á söllum. Nýting sala Dansverkstæðisins var nokkuð góð síðustu mánuðina á Skúlagötunni og þá var sérstaklega komið gott jafnvægi í útleigu sala seinni hluta dags og kvölds.

Ársreikning samtakanna verður hægt að nálgast á heimasíðunni www.danceatelier.is eftir aðalfundinn.

7. Framtíðarsýn

Nú þegar húsnæðismál Dansverkstæðisins eru tryggð til 15 ára er mikilvægt að fara aftur á fulla ferð í baráttuna fyrir Danshúsi á höfuðborgarsvæðinu. Samstaða og samstarf er við RDF og Íd er um Danshúsið og mikill vilji þessara eininga til að sjá þetta verða að okkar sameiginlega heimili. Einhver hljómgrunnur virðist vera fyrir hugmyndinni um Danshús hjá opinberum aðilum og ýmsar hugmyndir eru á lofti til að vinna úr.

Tvö þróunarverkefni eru á teikniborðinu hjá Dansverkstæðinu. Hið fyrsta er alþjóðlegt vinnustofuverkefni. Þar viljum við finna leiðir til að bjóða erlendum kollegum vinnuaðstöðu hjá okkur í 1-3 vikur og þá sérstaklega á þeim tíma sem að þörf íslenskra danshöfunda fyrir sali er minni, td. í júlí og desember. Áætlun okkar er þá að ná að bjóða upp á pakka á sanngjörnu verði: 1-2 vikur í stúdíói, gisting fyrir 1 – 3 listamenn og stefnumót við íslenska danshöfunda. Stefnumótið gæti verið sameiginlegur kvöldverður í fyrstu vikunni og opin æfing og spjall í seinni vikunni. Markmiðið með þessu væri að nýta rýmin, kynna Dansverkstæðið erlendis og gefa færi á persónulegri tengslamyndun listamanna á milli. Sótt verður um styrki í norræna sjóði fyrir þessu verkefni.

Hitt verkefnið er þróun á starfi framleiðandans. Víða erlendis hafa verið starfræktir framleiðendur (pródúsentar) sem veita danshöfundum margvíslega almenna aðstoð við framleiðslu dansverka. Aðstoðin getur varðað hugmyndavinnu, umsóknaskrif, heimasíðugerð, mannráðningar, bókhald eða eftirfylgni. Hérlandis er slík aðstoð ekki í boði nema að mjög takmörkuðu leiti. Dansverkstæðið vinnur nú í því að fjármagna verkefni sem að myndi þróa hæfni einstaklinga sem að hafa áhuga á þessu starfi og tengja þá við listamenn sem að þeir gætu unnið með.

Dansverkstæðið er búið að slíta barnsskónum. Það er flutt inn á stærra og hentugra heimili og þróun starfsins heldur áfram. Það er ljóst að möguleikarnir eru miklir og spennandi tímar eru framundan í dansinum.

Listamenn og verk

Ný verk:

Sómi Þjóðar - þúsund ára einsemd

Valgerður Rúnarsdóttir - Kæra Manneskja

Dance for Me - The Brogan Davison Show

Guðrún Selma og Gígja - A guide to the perfect human

Endurupptaka verka:

Katrín Gunnarsdóttir - Shades of History

Melkorka - Milkywhale

Sigga Soffía - Fubar

Ásrún Magnúsdóttir - Grrrrls

Bird & Bat - Vera og vatnið + Fjaðrafok

Kriðpleir - Ævisaga einhvers

Gestalistamenn

Anna Kolfinna Kuran - Konulandslag

Cie Tumbleweed (BE+FR)

Steinunn Ketilsdóttir - Expectations

Ásrún Magnúsdóttir og Alexander Roberts

Viktor Leifsson, Fannie Falk (SE) og Karoliina Loimaala (FI)

Aliina Belyagina (DE+RU)

Iliina Elena (RU+IS)

Hátíðir og viðburðir

Barnamenningarhátíð - Fjölskyldudans með Önnu Heru Björnsdóttur

Sería:kóreógrafísk tilraunakvöld

FÍLD 70 ára afmæli

Kóreógrafískur happy hour

Kennarar í morguntímum

Saga Sigurðardóttir - samtímadans

Cameron Corbett - ballett

Tanja Marín Friðjónsdóttir - samtímadans

Una Björg Bjarnadóttir - samtímadans byggt á Flying Low

Rachel Mercer - feldenkrais

Díana Rut Kristinsdóttir - samtímadans

Steinunn Ketilsdóttir - samtímadans byggt á Klein

Tinna G. Ómarsdóttir - pilates

Emma Rozgoni - gaga (samstarf við LHÍ)

Laura og Alejandro - samtímadans

Hjördís Lilja Örnólfsdóttir - ballett

Mans Erlandsson - contact improvisation

Ben McEwen - flying low